

Brim hf.
Kt. 541185-0389
Heimilisfang [...]

Akureyri, 27.1.2026

Tilv. 2025-01-20-0060 / 2026-01-06-0081

Efni: Ákvörðun um afturköllun á leyfi til endurvigtunar. Endurvigtun. Ólöggild vog. Rofið innsigli.

Fiskistofa hefur lokið meðferð á máli er varðar ætlað brot endurvigtunarleyfishafans Brim hf., kt. 541185-0389, í fiskvinnsluhúsi Brim hf., Reykjavík, þann 16. janúar 2025, gegn reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafra nr. 745/2016 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

I. Málsvik

Fram kemur í skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu, dags. 20. janúar 2025, að þann 16. janúar 2025 hafi veiðieftirlitsmenn verið mættir að starfsstöð Brim hf., í Reykjavík, og viðhaft eftirlit með endurvigtun afla úr fiskiskipinu Helgu Maríu RE-3, skipaskrárnúmer 1868. Í skýrslunni segir að endurvigtunin hafi byrjað klukkan 06:00 um morgun. Veiðieftirlitsmenn hafi verið viðstaddir frá byrjun, eins og venjan er við eftirlit með endurvigtun. Veiðieftirlitsmenn hafi skoðað vogina sem notuð var við vigtunina, sem er af gerðinni Marel M 2200, raðnúmer A 105930. Við skoðunina hafi komið í ljós að Cal og Con gildin hafi verið afmáð. Við frekari skoðun á hugbúnaðarinnsigli vogarinnar hafi komið í ljós að Cal var 11 og Con var 5. Í kjölfarið hafi veiðieftirlitsmenn óskað eftir því að löggiltur vigtarmaður, A, kt. [...], sýndi þeim prófunarskýrslu vogarinnar. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu hafi fengið að sjá skýrsluna upp úr klukkan 08:00. Við skoðun á skýrslunni hafi komið í ljós að Cal var 10 en ekki 11 eins og var í vogarhaus. Af þeim sökum hafi veiðieftirlitsmenn óskað eftir því að ný vog yrði sótt til þess að halda vigtun áfram. Fyrir það hafi verið búið að vigta fimm kör af þorski og níu kör af ufsa. Allur afli hafi verið vigtaður að nýju á löggilttri vog. Í skýrslu veiðieftirlitsmanna kemur fram að þeir hafi hornprófað báðar vogirnar og hafi þær sýnt sömu kílóa tölu.

II. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 19. ágúst 2025, var Brim hf. tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar, málsvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framið og eftir atvikum hvort beita ætti viðurlögum. Var

málsaðila veitt tækifæri til að leggja fram athugasemdir og andmæli vegna málsins til og með 3. september 2025.

Þann 8. september 2025 bárust athugasemdir málsaðila. Þar kemur fram að vogin hafi bilað og rafvirki hafi skipt um kraftnema og kaliberað vogina. Vegna mannlegra mistaka hafi starfsmönnum málsaðila láðst að kalla til löggildingaraðila til að löggilda vogina aftur. Búið sé að undirstrika það verklag við starfsmenn Brim hf. að löggilda þurfi vogir aftur ef innsigli er rofið. Þá ítrekar málsaðili, það sem fram komi í málsatvikalýsingu Fiskistofu, að vogin sýndi sömu kílóa tölu og önnur löggild vog sem eftirlitsmenn Fiskistofu prófuðu til samanburðar. Sé það því mat málsaðila að þetta atvik hafi ekki haft áhrif á rétta endurvigtun afla en líti alvarlegum augum á málið.

III. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa geti veitt einstökum aðilum leyfi til að vigta sjávarafla sem áður hefur verið veginn á hafnarvog, skv. 1. mgr. 6. gr. laganna. Er slík vigtun nefnd endurvigtun og er nánar mælt fyrir um framkvæmd hennar í reglugerð nr. 745/2016. Í 6. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar segir að endurvigtun skuli vera framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar og notuð skuli löggilt vog. Í 7. gr. laga nr. 57/1996 segir að löggiltir vigtarmenn, er vigta sjávarafla, skulu gæta þess að fara í hvívetna eftir reglum um framkvæmd vigtunar, skráningu upplýsinga og skil á þeim. Í 2. tölul. 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 253/2009 um mælifræðilegt eftirlit með sjálfvirkum vogum segir að löggilding fellur úr gildi, þrátt fyrir að gildistími sé ekki liðinn, ef innsigli er rofið.

Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. reglugerðar nr. 745/2016 segir að Fiskistofu sé heimilt að afturkalla vigtunarleyfi vinnslustöðva, fiskmarkaða og annarra aðila sem fengið hafa vigtunarleyfi, sé ekki af þeirra hálfu farið að ákvæðum reglugerðarinnar. Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa skuli afturkalla leyfi aðila til vigtunar sjávarafla, skv. 2. mgr. 6. gr. ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 17. gr. laganna segir að við fyrsta minni háttar brot skuli Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Í málinu liggur fyrir að veiðieftirlitsmenn Fiskistofu sem voru við eftirlit hjá Brim hf., í Reykjavík, þann 16. janúar 2025, urðu þess áskynja að hugbúnaðarinnsgli vogar, sem notuð var við endurvigtun á afla, var rofið. Vogin er af gerðinni Marel 2200, raðnúmer A105930. Vogin var tekin úr umferð og ekki notuð til endurvigtunar eftir að veiðieftirlitsmenn Fiskistofu bentu á að hugbúnaðarinnsgli vogarinnar væri rofið.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 kemur fram sú meginregla að allur afli skuli veginn á hafnarvog þegar við löndun aflans. Í 2. mgr. kemur fram undantekning frá meginreglunni, sem kveður á um að Fiskistofa geti veitt einstaka aðilum leyfi til vigtunar sjávarafla. Nánar er svo fjallað um vigtunarleyfi í II. kafla reglugerðar nr. 745/2016. Ströng skilyrði eru sett vigtunarleyfishöfum og í 6. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar segir að vigtun afla skuli framkvæmd af löggiltum vigtarmanni og notuð til þess löggilt vog. Hvað varðar innsiglisrof, þá eru vogir innsiglaðar í lok löggildingar og fellur löggilding vogar úr gildi, þrátt fyrir að gildistími sé ekki liðinn, ef innsigli er rofið, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 253/2009. Málsaðili bar fyrir sig að vogin hafi farið í viðgerð sem að mati Fiskistofu getur leitt til þess að hugbúnaðarinnsiglisrof hafi orðið á voginni. Með tölvubréfi, dags. 9. september 2025, óskaði Fiskistofa sérstaklega eftir gögnum sem sýndu fram á að vogin hafi farið í viðgerð. Málsaðili sendi samdægurs afrit af löggildingarvottorði vogarinnar. Fiskistofa áréttaði beiðni um gögn sem sýndu fram á að vogin hafi farið í viðgerð. Í tölvubréfi frá málsaðila, dags. 12. september 2025, kom fram að viðgerðin hafi verið framkvæmd af innanhúss rafvirkja og séu því ekki til gögn tengd því. Það verður því ekki ráðið hvort átt hafi verið við hugbúnað sem leitt hafi til innsiglisrofs við þá viðgerð innanhúss rafvirkjans. Að mati Fiskistofu bar málsaðila að ganga úr skugga um að hugbúnaðarinnsigli vogarinnar væri órofið. Hvort sem það er eftir viðgerð á voginni eða síðar. Óljóst er hvenær viðgerð átti sér stað og er því óljóst hversu langan tíma innsigli vogarinnar var rofið. Ljóst er að vogin fékk löggildingu sem féll úr gildi vegna innsiglisrofs, dags. 22. desember 2023 og var svo löggild aftur þann 16. janúar 2025. Fiskistofa lítur alvarlegum augum á það þegar innsigli eru rofin og getur það gefið vísbendingu um að átt hafi verið við vogina með einhverjum hætti.

Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanns, gagna málsins og þess sem framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að framkvæmd á vigtun afla þann 16. janúar 2025 hjá Brim hf. í Reykjavík, braut gegn 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996. sbr. 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016.

Endurvigtunarleyfishafi, Brim hf., í Reykjavík, braut gegn 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996, með því að tryggja ekki að sú vog sem notuð var við endurvigtun uppfyllti skilyrði löggildingar.

Fiskistofa skal afturkalla vigtunarleyfi aðila ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa haf brotið gegn ákvæðum III. kafla laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrir en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis, skv. 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996. Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu, skv.

3. mgr. 17. gr. laganna. Við mat á því hvort um minni háttar brot er að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi endurvigtunarleyfishafa og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi.

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 og 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016, eru skýr hvað varðar þá kröfu um að afli sem tekinn er til endurvigtunar sé veginn á löggilttri vog af löggiltum vigtarmanni.

Við mat á því hvort um gáleysis- eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er m.a. horft til athugasemda málsaðila. Málsaðili sagði í athugasemdum sínum að innanhúss rafvirki hafi gert við vogina sem hafi valdið því að hugbúnaðarinnsigli vogarinnar rofnaði. Málsaðili gat þó ekki sýnt fram á hvenær slík viðgerð átt sér stað eða hvað var gert, því er óljóst hversu lengi vogin var ólögild. Með hliðsjón af því telur Fiskistofa út frá gögnum málsins, prófun veiðieftirlitsmanna og hvernig brugðist var við, þ.e. með því að skipta út voginni þegar í ljós koma innsigli vogarinnar var rofið, að brotið leiddi ekki til rangrar aflaskráningar. Hins vegar verður ekki framhjá því litið að með lögum er gerð krafa um að löggiltir vigtarmenn framkvæmi vigtun og þannig er reynt að tryggja að þekking sé til staðar hjá endurvigtunarleyfishöfum sem er m.a. ætlað að tryggja eftirlit með því að vogir uppfylli lagalegar kröfur eins og að þær fullnægi skilyrðum um löggildingu. Ábyrgð á vigtun og að hún sé framkvæmd með fullnægjandi hætti í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli er því hjá málsaðila. Fiskistofa telur að málsaðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að hafa ekki tryggt að innsigli vogarinnar sem notuð hafi verið til vigtunar á sjávarafla væri órofið.

Við mat á þeim hagsmunum sem brotið ógnar lítur Fiskistofa til þess að þeir sem hafa leyfi Fiskistofu til endurvigtunar á sjávarafla, eru með leyfisveitingunni treyst til þess að framkvæma, í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, vigtun á sjávarafla sem veiddur er úr auðlind sem er í eigu allra landsmanna. Leyfið er veitt í trausti þess að leyfishafi hagi framkvæmd vigtunar í samræmi við lög og að öll framkvæmd einkennist af því öryggi og festu sem endurspegli hina ríku almannahagsmuni sem felist í vigtuninni, enda byggist endanleg aflaskráning á henni. Með því að hafa brotið gegn ákvæðum laga og reglna um endurvigtun braut málsaðili gegn 6. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar og það traust sem honum er gefið með veitingu endurvigtunarleyfis. Ófullnægjandi starfshættir málsaðila ógnuðu að mati Fiskistofu framangreindum hagsmunum.

Í málinu ber einnig að líta til þess að þegar eftirlitsmenn Fiskistofu urðu áskynja um hugbúnaðarinnsiglisrof var vigtun stöðvuð og löggild vog sótt til þess að halda áfram vigtun. Þá hafi ólögilda vogin verið hornaprófuð samhliða löggildu voginni og hafi þær sýnt sömu kg. tölu. Þessar staðreyndir málsins eru málsaðila til hagsbóta en draga þó ekki úr alvarleika

brotsins. Fiskistofa telur að málsaðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að tryggja ekki að vogin, Marel M 2200 - raðnúmer A 10593, uppfyllti skilyrði fyrir löggildingu en málsaðila ber að gæta þess að innsigli vogar sem notuð er til vitgunar sjávarafla sé órofið. Að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotsins, og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af fyrri ákvörðunum stofnunarinnar og úrskurðum ráðuneytsins í sambærilegum málum og meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar, er brotið að mati Fiskistofu meiri háttar og þykir rétt að afturkalla endurvigtunarleyfi málsaðila í Reykjavík.

Fiskistofa afturkallar hér með endurvigtunarleyfi Brim hf., í Reykjavík, frá og með 9. mars 2026, skv. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996, fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar nr. 745/2016 og lögum nr. 57/1996. Málsaðila skal ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis, skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár skv. 19. gr. sömu laga.

Kæruheimild

Ákvörðun um afturköllun endurvigtunarleyfis er kæránleg til atvinnuvegaráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að málsaðila var tilkynnt um ákvörðunina, sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Kæru skal beint til ráðuneytisins, t.a.m. með tölvupósti á netfangið atrn@atrn.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1992.

